

1865.
9. janúar. skjóta máli því, sem hér er um rædt, til hæstaréttar, getur það, hvaða úrslit sem málið fær, samkvæmt konungsúrskurði frá 27. aprílmán. 1822 og 12. aprílmán. 1834 ekki verið umtalsmál að veita honum nokkra sérstaka borgun fyrir að útleggja dómsgjörðirnar.

12. janúar. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.**

Með bréfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu á dönsku af vottorði, sem borið hefir verið fyrir aukarétti Skaptafells sýslu 21. júnímán. f. á., um hina ágæta framgöngu Ingvars bónda Runólfssonar í Hvammi og Magnúsar bónda Runólfssonar á Skagnesi til þess að bjarga skipshöfuinni á báti, sem fórst í lendingu í Reynishöfn, og hafð þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þetta mál.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt bændum þessum 16 ríkisdala verðlaun, og bera Ingvari Runólfssyni 10 rd. af þeim, en Magnúsi Runólfssyni 6 rd. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fê þetta úr jarðabókar-sjóðnum, þegar þér krefist þess.

12. janúar. **8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaunsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekapart á Grjótnesi.**

Með bréfi dagsettu 6. ágústmán. f. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Árnasyni og Kristjáni Árnasyni, er eiga jörðina Grjótnes í Þingeyjar sýslu; sækja þeir enn á ný¹ um að fá keyptan hálfan reka fyrir Grjótnes

¹) Sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi 517. bls.

1865.

12. janúar.

landi, sem norðurhluti Múnkaþverárklosturs jarða á eptir Sigurðarregistri og eldri máldögum, fyrir 16 ríkisdali. Hafð þér mælt fram með því, að stjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í bréfi yðar, veiti það sem um er sótt, en þó með því skilyrði, að beiðendurnir auk söluverðs þess, sem þeir hafa boðið, greiði leigu þá fyrir trjárekann, sem stendur eptir óborguð fyrir mörg ár, og eru eptirstöðvar þessar eptir reikningi umboðsmanns fyrir fjárhagsárið 1863—64 alls 7 rd. 76 sk.

Dómsmálastjórninni finnst samt sem áður, að ekki sé næg ástæða til þess að breyta í þessu tilfelli útaf reglu þeirri, sem stjórnin hefir fylgt fram á seinni árum, og um er getið í konunglegri auglýsingu til alþingis frá 27. maímán. 1859 II. 11, að hlutast ekki til um að seldar séu þjóðeignir á Íslandi, og eruð þér því, herra amtmaður, beðnir um að auglýsa þeim, sem hlut eiga að máli, að það verði að standa við það, sem sagt er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar dagsettum 30. maímán. 1862, að þeim að svo stöddu ekki verði veitt bæn þeirra. Dómsmálastjórnin býst þaraduki við, að þér sætið lagi til að byggja rekann, eins og á er vikið í úrskurði þessum, og að þér bjóðið hlutadeiganda umboðsmanni að heimta eptirstöðvar þær, sem getið er um hér að framan.

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorska-lifur til lækninga.

13. janúar.

Í bænarskrá, sem hefir borizt stjórnarráðinu beina leið, og fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hafa þeir Hjaltalín, landlæknir á Íslandi og jústitsráð, og Arthur Leared, yfirlæknir við hinn mikla norðurspítala og hinn konunglega brjóstveikraspítala í Lundúnum, sókt um 10 ára einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorska-lifur, og hafa þeir í bænarskránni skýrt nákvæmar frá aðferð þeirri, sem þeir ætla við að hafa.

Í álitsskjali, sem dómsmálastjórnin hefir fengið frá hinu